

812. fundur

Árið 2025, er fundur haldinn í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum miðvikudaginn 14. maí, kl. 8:00 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Mætt eru: Ásrún Helga Kristinsdóttir, Björn Sæbjörnsson, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Jónína Magnúsdóttir og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn.

Dagskrá:

1. *Undirbúningur aðalfundar S.S.S. 2025.*
Gert er ráð fyrir því að aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum verði haldinn laugardaginn 4. október. Stjórnin ræddi hugmyndir að dagskrá fundarins.
2. *Bréf dags. 23.04.2025 frá Mennta- og barnamálaráðuneyti v, tilnefningar í skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja.*
Skipan í skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja 2025-2029 en að hálfu Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum voru eftirfarandi tilnefnd:

Aðalmenn:

Ásrún Kristinsdóttir
Halldór Rósmundur Guðmundsson

Varamenn:

Bjarni Páll Tryggvason
Laufey Erlendsdóttir
Lagt fram.

3. *Undirritun ársreiknings S.S.S. 2024.*

Starfsemin á árinu

Hagnaður félagsins á árinu samkvæmt rekstrarreikningi nam kr. 29.710.375,-
Eignir félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu kr. 459.750.478,-
Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi var neikvætt um kr. 26.532.541
Eiginfjárhlutfall félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam 5,8%.
Fjöldi ársverka á árinu nam 10.

Stjórn S.S.S. samþykkir ársreikning 2024 og staðfestir hann með undirritun sinni.



4. Önnur mál.

Framkvæmdastjóri sagði frá spjallmenni sem verður innleitt hjá Markaðsstofu Reykjaness næstu daga.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:15.

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir

Jónína Magnúsdóttir

Björn Sæbjörnsson

Ásrún H. Kristinsdóttir

Berglind Kristinsdóttir